

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 22. júlí 2002

um breytingu á ákvörðun 92/486/EBE um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar ANIMO og aðildarríkjanna

(tilkynnt með númeri C(2002) 2735)

(Texti sem varðar EES)

(2002/615/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 92/118/EBE ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 20. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Niðurstöður úr ýmsum rannsóknum og málstofum sérfræðinga í Bandalaginu benda til þess að endurskoða beri uppbyggingu ANIMO-tölvukerfisins með tilliti til þess að innleiða dýraheilbrigðiskerfi sem samþættir þann margvíslega tölvubúnað sem notaður er.
- 2) Til samræmis við það ber að breyta ákvörðun 92/486/EBE frá 25. september 1992 um fyrirkomulag á samvinnu milli móðurstöðvar Animo og aðildarríkjanna ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með ákvörðun 2001/301/EB ⁽⁴⁾, í því skyni að tryggja samfelldni í ANIMO-tölvukerfinu.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi 7. mgr. bætist við 2. gr. a í ákvörðun 92/486/EBE:

„7. Fyrir tímabilið 1. apríl 2002 til 31. mars 2003 skulu samræmingaryfirvöldin, sem kveðið er á um í 1. gr., sjá til þess að samningarnir, sem um getur í þeirri grein, séu framlengdir um eitt ár.“

Eftirfarandi gjald gildi að því er þessa málsgrein varðar:

— 386 evrur á einingu (móðureiningu, staðareiningu, skoðunarstöð á landamærum) fyrir allar ANIMO-einingar sem eru taldar upp í ákvörðun 2002/459/EB ⁽⁵⁾.⁽⁵⁾ Stjttð. EB L 159, 17.6.2002, bls. 27.

2. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. apríl 2002.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjttð. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.⁽²⁾ Stjttð. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.⁽³⁾ Stjttð. EB L 291, 7.10.1992, bls. 20.⁽⁴⁾ Stjttð. EB L 102, 12.4.2001, bls. 73